



DEILISKIPLAGSBREYTING BREIÐARGATA 8, 8A OG 8B

ERINDI

Fyrir liggur erindi dagsett 3.9.2015 frá Helga Má Halldórssyni Ask arkitektum f.h. HB Granda.

Í erindinu felst beiðni um deiliskiplagsbreytingu vegna lóða við Breiðargötu 8, 8A og 8B (fskj.1). Skilgreindur er byggingarreitur á Breiðargötu 8B fyrir fyrirhugaða stækkun á fiskþurrkun félagsins þar sem nú á sér stað forþurrkun á fiski.

Í dag er HB Grandi með starfseminu á tveimur stöðum, forþurrkun að Breiðargötu 8B og eftirþurrkun að Vesturgötu 2. Í núverandi starfsleyfi er heimild fyrir þurrkun á 170 tonnum á viku.

Á deiliskiplagsupprætti dags. 22.09.2015 með síðari breytingum kemur fram að uppbygging HB Granda á svæðinu er fyrirhuguð í tveimur áföngum.

Stækkun á áfanga 1 er fyrirhuguð norðvestanmegin við núverandi húsnæði forþurrkunar. Í þeim áfanga er reiknað með að útbúa húsnæði fyrir eftirþurrkun, einnig rými fyrir þurrkjöfnun og þökkun auk aðstöðu fyrir starfsmenn. Vinnslugeta í nýja húsnæðinu væru 200 til 250 tonn á viku.

Stækkun á áfanga 2 er fyrirhuguð sjávarmegin við núverandi húsnæði forþurrkunar. Sá áfangi kemur til með að hýsa aðra aðferð við þurrkun þ.e. notkun á færibandaklefa og eftirþurrkun við hann. Vinnslugeta til viðbótar við 1. áfanga er 300 til 350 tonn á viku þannig að heildarvinnslugeta fyrir báða áfangana væri á bilinu 500 til 600 tonn á viku.

Í erindi Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra HB Granda sem er dags. 9.7.2015 (fskj. 2) kemur fram að núverandi húsnæði eftirþurrkunar við Vesturgötu 2 er ófullnægjandi og hyggst fyrirtækið flytja alla þurrkunina á einn stað þ.e. Breiðargötu 8B.

Í erindi Vilhjálms kemur fram að gangi skipulagsbreyting eftir muni eftirtalin atriði vera til þess fallin að draga verulega úr lykt frá því sem nú er:

- Þurrkunin verður undir einu þaki í stað þess að vera á tveimur stöðum. Ein helsta ástæða lyktar eru opin hús. Við hönnun viðbygginga yrði lögð áhersla á lokað ferli allt frá móttöku og þar til afurð er komin í gám.
- HB Grandi hyggst rífa núverandi eftirþurrkunarhús og skipta um jarðveg við það.



- Tekið verður fullt tillit til ábendinga í skýrslu VSÓ: Lyktarmengun frá fiskþurrkun HB Granda, mengunarvarnir, apríl 2015 (fskj. 3).
- Unnið er að drögum að áhættugreiningu og umhverfisstjórnunarkerfi þar sem lögð er áhersla á að lágmarka lykt með lyktaruppsprettum.
- Stefnt er að því að koma upp lyktarskynmati í og við vinnslu inn í verkferla, og hafa samráð um tilhögun þess.
- Tilraun stendur yfir með biofilter lofthreinsikerfi fyrir afloft eftirþurrkunar.

Málsmeðferð

Erindið (málsnúmer 1509146) var tekið fyrir á fundi skipulags- og umhverfisráðs 28.9.2015.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Deiliskipulag Breiðarsvæði - Breiðargata 8B

„Helgi Már Halldórsson hjá Ask arkitektum, f.h. HB Granda sækir um deiliskipulagsbreytingu sbr. deiliskipulagsuppdrátt dags. 22.9.2015 á deiliskipulagi Breiðarsvæðis. Breytingin felst í því að HB Grandi áformar að sameina og stækka starfsemi fiskþurrkunar félagsins við Breiðargötu.

Skipulags- og umhverfisráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu“

Skipulagsstaða

Samkvæmt aðalskipulagi Akraness 2005 - 2017 er skipulagssvæðið skilgreint sem hafnarsvæði H1 og athafnasvæði A1. Um svæði H1 segir í greinargerð aðalskipulags að þar skuli vera fjölbreytt hafnarstarfsemi, fiskvinnsla, þjónusta og önnur hafnsækin starfsemi. Um svæði A1 segir í greinargerð aðalskipulags að svæðið skuli nýtt fyrir hafnsækna starfsemi, sjávarútveg, fiskiðnað og annan iðnað. Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir hluta hafnarsvæðisins.



FORSAGA MÁLS OG MÁLSMEÐFERÐ

23.01.2014

HB Grandi

Málið á sér upphaf með erindi HB Granda dagsettu 23.01.2014. Þar kemur fram fyrirspurn frá fyrirtækinu um leyfi til að flytja starfsemi við eftirþurrkun og þökkun á afurðum sem nú eru við Vesturgötu á Breiðargötu 8B þar sem nú fer fram forþurrkun á fiski þannig að for- og eftirþurrkun sameinist. Í þessu felst stækkun á húsnæði og lóð við Breiðargötu 8B.

03.02.2014

Úr fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar:

Bréf HB Granda dags. 23. janúar 2014 lagt fram á fundi nefndarinnar varðandi beiðni um stækkun húsnæðis að Breiðargötu 8B og ósk um stækkun lóðarinnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að haldinn verði fundur með nefndinni og bæjarstjórn, þar sem forsvarsmenn HB Granda kynni hugmyndir sínar.

13.02.2014

Úr fundargerð bæjarráðs:

Erindi skipulags- og umhverfisnefndar dags. 5.2.2014, um fyrirhugaða stækkun HB Granda hf. á Breiðargötu 8B og ósk um úthlutun lóðar í eigu Akraneskaupstaðar. Nefndin leggur til að haldinn verði fundur með nefndinni og bæjarstjórn þar sem forsvarsmenn HB Granda kynni hugmyndir sínar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að boða til fundar með bæjarstjórn, skipulags- og umhverfisnefnd og forsvarsmönnum HB-Granda við fyrsta hentuga tækifæri.

14.03.2014

Skoðunarferð bæjarstjórnar og skipulags- og umhverfisnefndar

14. mars fóru bæjarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd í skoðunarferð ásamt HB Granda hf. Farið var til Reykjanesbæjar og verksmiðjan Haustak skoðuð. Í framhaldinu var haldinn fundur þar sem HB Grandi fór yfir framtíðarhugmyndir fyrirtækisins á Breiðinni.

02.06.2014

Úr fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar:

Tölvupóstur Ingu Jónu starfsmanns HB Granda hf. dags. 2. júní 2014, varðandi umsókn um lóðarstækkun fyrirtækisins. Deiliskipulagsuppráttur lagður fram.



01.07.2014

Úr fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar

Lagðar fram hugmyndir af deiliskipulagi dags. 20.1.2014.

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið.

11.09.2014

Úr fundargerð bæjarráðs:

Afgreiðsla skipulags- og umhverfisnefndar vegna erindis HB Granda með beiðni um stækkun lóðar send til bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir erindið og vísar því til skipulags- og umhverfisnefndar til frekari úrvinnslu. Í tengslum við beiðnina áréttar bæjarráð mikilvægi þess og tekur þar með undir áhyggjur íbúa að ef áframhaldandi starfsemi verður á fiskþurrkun HB Granda í nýju húsnæði, eins og fyrirtækið áformar, uppfylli fyrirtækið ávallt ytrustu kröfur um mengunarbúnað, aðstöðu og ferskleika hráefnisins. Bæjarráð felur jafnframt bæjarstjóra í samvinnu við framkvæmdastjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs, að gera drög að erindisbréfi fyrir starfshóp sem undirbýr breytingu á gildandi skipulagi við Breiðarsvæðið og við Akraneshöfn.

Stofnun starfshóps um Breið

Meginhlutverk starfshóps er að móta heildarskipulag á Breiðarsvæðinu sem tryggir uppbyggingu og framtíðarnýtingu þess. Í skipulagi verði gert ráð fyrir tengslum Breiðarsvæðis við höfnina og útivistarsvæði sem er syðst á Breiðinni. Horft verði til víðtækari landnotkunarmöguleika en nú eru á svæðinu þ.m.t. íbúðabyggð. Starfshópin skipa Einar Brandsson formaður, Guðmundur Páll Jónsson, Guðmundur Valsson og Vignir Albertsson.

26.11.2014

Úr fundargerð starfshóps um Breið:

Landfylling bak við aðalhafnargarðinn á Akranesi. Farið yfir fundargerð Faxaflóahafna frá 14. nóvember s.l. um þær hugmyndir sem þar eru uppi varðandi ofangreinda fyllingu. Samþykkt að boða á næsta fund starfshóps Gísla Gíslason hafnarstjóra Faxaflóahafna til að fara betur yfir málið. 2. Deiliskipulagsbreytingar HB-Granda á Breiðarsvæði Í gangi er vinna á vegum HB-Granda varðandi deiliskipulagsbreytingar vegna húsnæðis Laugafisks á Breiðargötu 8b. Starfshópur telur mikilvægt að kynning á þeim áformum sem þar koma fram og þeirri skipulagsvinnu sem starfshópur hefur með höndum á Breiðarsvæðinu fái sameiginlega



kynningu á fundi með íbúum. 3. Drög að landnotkun á Breiðarsvæði. Hildi Bjarnadóttur falið að koma með drög að hugmyndum um landnotkun á Breiðarsvæðinu þ.e. skiptingu athafnasvæðis og íbúðasvæðis.

15.01.2015

Úr fundargerð bæjarráðs:

Tillaga starfshóps um Breiðarsvæði sem samþykkt var á fundi 26.11.2014.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við HB-Granda að haldinn verði almennur kynningafundur um fyrirhuguð áform fyrirtækisins um stækkun húsnæðis. Bæjarráð leggur áherslu á að kynningarfundurinn verði vel auglýstur.

29.01.2015

Úr fundargerð skipulags- og umhverfisráðs:

Kynning á frumdrögum að breytingu á deiliskipulagi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti frumdrög að breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis er tekur til lóða Breiðargötu 8B og Suðurgötu 7.

(Deiliskipulagsuppdráttur dagsettur í desember 2014, þar sem hugmyndir voru um viðbyggingu milli Bárugötu 8-10 og Hafnarbrautar 3, byggja aukahæð ofan á Hafnarbraut 3 og stækkun fiskþurrkunar við Breiðargötu 8B)

19.02.2015

Úr fundargerð skipulags- og umhverfisráðs:

Kynnt tillaga að deiliskipulagsbreytingu.

Samþykkt að fela VSÓ ráðgjöf að vinna greinargerð um hugsanlega lyktarmengun frá starfsemi Laugarfisks í framtíðinni, í samræmi við það minnisblað sem VSÓ ráðgjöf hefur lagt fram.

26.03.2015

Úr fundargerð skipulags- og umhverfisráðs:

Staða málsins kynnt.

20.04.2015

Úr fundargerð skipulags- og umhverfisráðs:

Kynning greinarhöfunda frá VSÓ um lyktarmengun frá fiskþurrkun HB Granda.



Yfirferð VSÓ á greinargerð sinni um hugsanleg lyktarvandamál tengd fiskþurrkun HB Granda á Akranesi.

20.04.2015

Úr fundargerð bæjarstjórn:

Kynning greinarhöfunda frá VSÓ ráðgjöf á skýrslu um lyktarmengun frá fiskþurrkun HB Granda. *Yfirferð VSÓ á greinargerð sinni um hugsanleg lyktarvandamál tengd fiskþurrkun HB Granda á Akranesi.*

28.05.2015

Íbúafundur um málefni HB Granda á Breiðinni. (Laugafiskur)

Kynnt skýrsla VSÓ um lyktarmengun frá fiskþurrkun HB Granda.

09.07.2015

HB Grandi

Bréf frá Vilhjálmi Vilhjálmsyni forstjóra HB Granda, í tilefni af og til skýringa á umsókn HB Granda um leyfi til viðbyggingar við fiskþurrkun félagsins við Breiðargötu 8b, dags. 23. janúar 2014.

22.07.2015

Úr fundargerð skipulags- og umhverfisaráðs:

Staða máls kynnt.

03.09.2015

HB Grandi

Í erindi frá HB Granda felst beiðni um deiliskipulagsbreytingu vegna lóða við Breiðargötu 8, 8A og 8B. Skilgreindur er byggingarreitur á Breiðargötu 8B fyrir fyrirhugaða stækkun á fiskþurrkun félagsins þar sem nú á sér stað forþurrkun á fiski.

Deiliskipulagsupprætti frá því í desember 2014 breytt m.t.t. þess að skilgreindur er byggingarreitur við Breiðargötu 8B vegna fyrirhugaðar stækkunar fiskþurrkunar. Horfið frá því að sækja samhliða um viðbyggingu milli Bárugötu 8-10 og Hafnarbrautar 3 og byggja aukahæð ofan á Hafnarbraut 3.



28.09.2015

Skipulags- og umhverfisráð

Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8B

„Helgi Már Halldórsson hjá Ask arkitektum, f.h. HB Granda sækir um deiliskipulagsbreytingu sbr. deiliskipulagsuppdrátt dags. 22.9.2015 á deiliskipulagi Breiðarsvæðis. Breytingin felst í því að HB Grandi áformar að sameina og stækka starfsemi fiskþurrkunar félagsins við Breiðargötu. Skipulags- og umhverfisráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu“

Kvartanir

Kvartanir vegna lyktarmengunar frá fiskþurrkun HB Granda voru 18 árið 2014 en 63 það sem af er á árinu 2015, síðast var kvörtun skráð 5.10.2015 (fskj. 4).

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirliti Vesturlands varðandi óvenju margar kvartanir sem bárust á tímabilinu 4. - 6. september (fskj. 5).

Fyrir liggja tveir undirskriftarlistar undir fyrirsögninni „Er þér sama þótt stærsta fiskhausþurrkun í heimi sé í hverfinu þínu, með tilheyrandi ólykt sem sannarlega skerðir lífgæði fólks?“. Fyrri listinn var birtur 25.03.2015 í Skessuhorni þar sem 314 íbúar skrifuðu undir. Seinni listinn var birtur á íbúafundi 20.05.2015 þar sem 335 íbúar skrifuðu undir. Stór hluti þeirra einstaklinga sem skrifaði undir seinni undirskriftalistann var á fyrri listanum (fskj. 6).

Akranesi 08.10.2015

Sigurður Páll Harðarson
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Helstu gögn sem liggja fyrir í málinu:

1. Deiliskipulagsuppdráttur dagsettur 22.09.2015.
2. Bréf Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra HB Granda dagsett 9.7.2015.
3. Skýrsla VSÓ, Lyktarmengun frá fiskþurrkun HB Granda, mengunarvarnir, apríl 2015.
4. Samantekt um kvartanir.
5. Eftirlitsskýrsla heilbrigðiseftirlits Vesturlands dagsett 16.9.2015.
6. Undirskriftalistar.